


BERA HF.

UFS EINKUNN **87 / A3** GAGNAGÆÐI: **1**


UFS NIÐURSTÖÐUR

NIÐURSTÖÐUR	Vægi	Stig	Einkunn
Heildareinkunn	100%	87	A3
Umhverfisþættir	38.5%	88	A3
E.1 Umhverfisstjórnun og visthagkvæmni	25%	92	A2
E.2 Yfirsýn yfir umhverfisstjórnun	8.5%	95	A2
E.3 Vörur og þjónusta	5%	55	C1
Félagsþættir	32%	89	A3
S.1 Mannauður	24%	94	A2
S.2 Orðspor, viðskiptaánægja og tengsl við samfélagið	3%	85	B1
S.3 Vörur og þjónusta	5%	70	B2
Stjórnarþættir	29.5%	82	B1
G.1 Almennir stjórnarþættir	10%	90	A3
G.2 Starfshættir og virðisæðjan	19.5%	78	B2

UFS EINKUNN



UFS EINKUNNADREIFING



STUTT SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Bera, áður Ölgerðin, fær áfram framúrskarandi einkunn í UFS mati Reitunar og endar með 87 stig, flokkur A3. Félagið hefur lagt áherslu á sjálfbærni til lengri tíma og stendur framarlega á íslenskum markaði hvað varðar sjálfbærni. Bera vinnur markvisst að því að draga úr losun frá heildarstarfsemi og hefur Bera, áður Ölgerðin, sett sér markmið byggð á vísindalegum grunni (SBTi) sem hafa verið staðfest. Markmiðið snýr að því að draga úr losun frá umfangi 1 og 2. Einnig hefur Bera sett markmið um kolefnishlutleysi frá heildarrekstri (e. Net-Zero) fyrir árið 2040. Félagið hefur farið í jákvæðar aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum félagsins, t.a.m. aukin rafvæðing bílaflotans, breytingar á dreifikerfi og fjárfestingar í búnaði sem stuðla að hagkvæmari nýtingu auðlinda. Þá er tæplega helmingur af framlegð samstæðunnar vegna sölu á eigin vörumerkjum Beru. Með því getur Ölgerðin haft áhrif á alla virðisæðjuna og hefur félagið tekið skref til þess að draga úr umhverfisáhrifum þar, m.a. með gerð vistferilsgræiningar á umbúðum. Aðkoma stjórnar og stjórnenda að sjálfbærnimálum er virk og eru sjálfbærniupplýsingar hluti af árs hlutauppgjöri sem er kynnt fjárfestum og stjórn. Framkvæmdastjórn og lykilstjórnendur starfa eftir kaupaukakerfi tengdu sjálfbærnimælikvörðum félagsins og stjórnendur fylgjast með ýmsum sjálfbærnimælikvörðum í sjálfbærnimælaborði. Höfuðstöðvar félagsins hafa hlotið Leed Gold umhverfissvottun og hefur félagið einnig lokið við innleiðingu á umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt ISO 14001 staðlinum.

Vel er staðið að mannauðsmálum félagsins og er umgjörð fyrir heilsu- og öryggismál, jafnréttismál og fræðslu mjög góð. Starfsmannavelta félagsins mælist frekar há en samkvæmt félaginu er veltan talin eðlileg. Hjá félaginu er mikil fjölmennig og rík áhersla er lögð á jafnrétti og því til stuðnings hefur félagið gert heildstæða úttekt á vinnustaðnum með tilliti til jafnréttis og fjölbreytileika. Starfsánægja hefur mælist há til lengri tíma sem styður við góða umgjörð félagsins hvað varðar mannauð og árið 2025 gerði félagið kaupréttaráætlun fyrir allt starfsfólk samstæðunnar. Félagið heldur áfram að leggja sitt af mörkum til að hafa jákvæð áhrif á samfélagið í heild sinni með styrkjum, stuðningi og vörubrúun en liður í því er að fjölga úrvali á hollari drykkjarvörum og áfengislausu bjóra. Hins vegar selur Bera einnig áfenga drykki, sem geta haft skaðleg áhrif á neytandann sé þeirra neytt í óhófi, en félagið leggur upp með að fylgja lögum varðandi ábyrga markaðssetningu og stuðla að ábyrgri notkun eins og hægt er. Samkvæmt Beru leitast stjórn eftir að fylgja leiðbeiningum um stjórnarþætti fyrirtækja og uppfyllir starfsemi stjórnar félagsins að mestu kröfur sem gerðar eru í þessu mati. Þá starfar félagið eftir starfs- og siðareglum sem hafa verið kynntar öllu starfsfólki. Bera hefur formfest vinnu við mat á áhættu í virðisæðjunni og vinnur að því að greina mögulegar áhættur í virðisæðjunni sem snúa m.a. að mannréttindum, barna- og nauðungavinnu. Ljóst er að það mun taka tíma fyrir félagið að kortleggja þessa áhættu þar sem virðisæðja félagsins er umfangsmikil og flókin. Árið 2024 innleiddi félagið birgjamatskerfi hjá Ölgerðinni og árið 2025 var kerfið innleitt hjá Danól, en birgjamót félagsins ná til sjálfbærniþátta. Heilt yfir stendur Bera mjög vel að sjálfbærnimálum og leggur upp með að lágmarka þá áhættu sem er til staðar.

SAMANBURÐUR VIÐ ÍSLENSKA ÚTGEFENDUR

Bera hf. er fyrir ofan meðaltal í öllum flokkum í samanburði við aðra innlenda útgefendur sem hafa farið í gegnum UFS mat hjá Reitun, en þau eru um 45 talsins. Meðaltal markaðarins sýnir heildareinkunn sem er nú 73 stig af 100 mögulegum, flokkur B2. Bera endar í flokki A3 ásamt fimm öðrum rekstraraðilum.

Fyrirvarar

UFS-mat Reitunar byggir á þeim gögnum og upplýsingum sem lágu fyrir og voru aðgengilegar við gerð matsins, þar á meðal gögnum og skýringum frá því félagi sem verið er að meta, opinberum upplýsingum og öðrum heimildum sem Reitun telur traustar. Almennt er gengið út frá því að framlagðar upplýsingar séu réttar, nema annað leiði af eðli máls eða sé sérstaklega tekið fram.

Hafi Reitun fengið afhent afrit skjala er gengið út frá því að þau séu í samræmi við frumrit og að undirritanir og skuldbindingar séu gildar. Reitun hefur þó ekki, nema þess sé sérstaklega getið, sjálfstætt sannreynt með tæmandi hætti öll undirliggjandi gögn, skjöl, undirritanir eða aðrar forsendur sem matið byggir á.

Niðurstöður, ályktanir og annað efni matsins endurspeglar mat Reitunar miðað við þær upplýsingar og forsendur sem lágu fyrir á útgáfudegi. Forsendur matsins geta breyst án fyrirvara, meðal annars vegna nýrra upplýsinga, breyttra aðstæðna eða þróunar í viðmiðum, aðferðafræði eða regluumhverfi. UFS-mat Reitunar felur ekki í sér staðfestingu, vottun eða áreiðanleikakönnun á öllum þeim upplýsingum sem það byggir á. Reitun ábyrgist hvorki áreiðanleika né nákvæmni þeirra upplýsinga sem stuðst er við.

Í þeim tilvikum þegar unnið er einfaldara eða afmarkaðra UFS mat kann umfang gagnaöflunar, yfirferðar og sannprófunar að vera minna en ella, sem getur leitt til aukinnar óvissu í niðurstöðum. Reitun ber ekki ábyrgð á því að uppfæra, endurskoða eða endurútgefa matið eftir útgáfudag, komi fram nýjar upplýsingar eða breytist forsendur þess, nema sérstaklega hafi verið samið um annað. Reitun áskilur sér þó rétt til að gera breytingar eða leiðréttingar á útgefnu efni telji Reitun tilefni til.

UFS mat Reitunar er eingöngu ætlað í upplýsingaskyni. Það felur hvorki í sér fjárfestingarráðgjöf né tilboð, hvatningu eða tilmæli um viðskipti með fjármálagerninga eða aðrar ráðstafanir. Aðilar eru eindregið hvattir til að afla sér sjálfstæðra ráðlegginga áður en fjárfest er í fjármálagerningum á grundvelli UFS einkunna.

Reitun ber enga ábyrgð á ákvörðunum, ráðstöfunum eða viðskiptum sem teknar eru á grundvelli efnis UFS mats Reitunar, né á tjóni, beinu eða óbeinu, sem kann að hljóta af notkun þess eða dreifingu, nema ábyrgð verði lögum samkvæmt ekki undanskilin.

Reitun, stjórnendur þess, starfsfólk, stjórnarmenn eða tengdir aðilar kunna, eftir atvikum, að hafa hagsmuna að gæta í tengslum við þau félög eða viðfangsefni sem matið tekur til, þar á meðal vegna eignatengsla, ráðgjafarstarfa, annarrar þjónustu eða viðskiptasambanda. Jafnframt kann að koma til þess að félag sem sætt hefur mati greiði Reitun fyrir matsþjónustuna. Slík atvik breyta þó ekki þeirri meginreglu að matið sé unnið á sjálfstæðum faglegum grunni.

Allur höfundarréttur og annar hugverkaréttur að UFS mati og efni þess er áskilinn Reitun, eftir því sem lög heimila. Óheimilt er að afrita, birta, dreifa eða nýta efni matsins, í heild eða að hluta, án fyrirframfengins skriflegs samþykkis Reitunar, nema lög mæli skýrt fyrir um annað. Án slíks samþykkis er jafnframt með öllu óheimilt að nota efni Reitunar, þar á meðal UFS mat, greiningar, niðurstöður, texta, gögn, framsetningu, aðferðafræði eða annað efni sem af því leiðir, í hvers kyns gervigreindartólum, mállíkönnum, vélrænum lærdómsslausnum, sjálfvirkum greiningarkerfum eða öðrum sambærilegum tæknilausnum, hvort sem slík notkun fer fram í þágu þjálfunar, fínstillingar, vinnslu, greiningar, samantektar, efnisgerðar, afleiddrar vinnslu eða annarrar sjálfvirkar eða hálf sjálfvirkar notkunar. Brot gegn framangreindu telst óheimil nýting á efni Reitunar og áskilur Reitun sér allan rétt til að leita viðeigandi úrræða samkvæmt lögum.